

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Deiliskipulag athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæðis Árskógssandi.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur þann 18. október 2016, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulag athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæðis Árskógssandi.

Skipulagssvæðið er skilgreint í aðalskipulagi frá 2008–2020 sem athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæði. Samhliða deiliskipulagi þessu eru þéttbýlismörk stækkuð til vesturs með nýju svæði fyrir verslun og þjónustu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

F.h. Dalvíkurbyggðar, 11. nóvember 2016,

Börkur Þór Ottósson byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. nóvember 2016